Alþingi
Erindi nr. Þ 141/225
komudagur 24.1

# UMHVERFISSTOFNUN

## Frumvarp til efnalaga – 88. mál

Umsögn og aths.
Umhverfisstofnunar

UMHVERFISSTOFNUN

## Almennt um frumvarpið

- Kemur í stað tveggja lagabálka sem mikilvægt er að sameina og færa til nútímahorfs. Hefur í för með skýrari framkvæmd, ábyrgðarskiptingu og viðurlög
- Fært til þess anda sem er í Evrópskri efnalöggjöf um að sá sem markaðssetur efnavöru á EES-svæðinu beri ábyrgð á sinni framleiðslu og markaðssetningu. Þannig er framleiðendaábyrgð styrkt.
- Gert er ráð fyrir að hægt sé að leggja á stjórnsýslusektir við brot á tilteknum ákvæðum laganna þ.a.l. getur byggst upp markaður þar sem fyrirtæki beri sjálf þá ábyrgð að vörur sem þau markaðssetja eða framleiða uppfylli sett skilyrði. Brjóti þau hinsvegar af sér liggi við því ströng viðurlög

UMHVERFISSTOFNUN

# Umfang eftirlits skv. frumvarpinu

- Eftirlit með skráningum og leyfisveitingum efna skv. REACH
- Eftirlit með takmörkun tiltekinna efna í vörum/hlutum (efnagreiningar)
- Eftirlit með hvort plöntuvarnarefni og sæfiefni á markaði hafi markaðsleyfi, innihaldi ekki bönnuð virk efni, séu rétt merkt osfrv.
- **Eftirlit með merkingum efnavara**
- Eftirlit með því hvort efni eða efnablanda sé rétt flokkuð
- Eftirlit með öryggisblöðum
- Eftirlit með því hvort aðilar sem eru ábyrgir fyrir markaðssetningu tiltekinna eiturefna og varnarefna hafi tilkynnt sína markaðssetningu á Íslandi
- Eftirlit með snyrtivörum og hvort markaðssetning/framleiðsla hafi verið tilkynnt á EES-svæðinu
- Eftirlit með innflutningi og notkun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda og ósoneyðandi efna
- Eftirlit með sölu eiturefna og tiltekinna varnarefna (hættulegustu efnin)

UMHVERFISSTOFNUN

# Önnur ný hlutverk Umhverfisstofnunar

- Umsjón með leyfisveitingu plöntuvarnarefna og sæfiefna, þ.á.m. markaðsleyfi, gagnkvæm viðurkenning, undanþágur ofl.
- Yfirumsjón og skipulag náms fyrir þá sem nota efni í atvinnuskyni og ábyrgðaraðila innan fyrirtækja (notendaleyfi)
- Aukin yfirsýn yfir innflutning hættulegra efna - gagnagrunnar
- Gerð og framfylgd eftirlitsáætlunar fyrir Ísland

UMHVERFISSTOFNUN

# Um hlutverk Umhverfisstofnunar

- Fræðsluhlutverk gagnvart almenningi, atvinnulífi og öðrum stofnunum sem hafa hlutverk skv. lögunum.
- Helstu rök fyrir auknu hlutverki stofnunarinnar í eftirliti eru að innan hennar hefur undanfarin 6 ár byggst upp sérþekking á nýrri efnalöggjöf sem hefur verið sett á EES svæðinu. Má þar nefna REACH – löggjöfina, nýja löggjöf um flokkun og merkingu, nýja lögggjöf um flúor-gös, snyrtivörur, plöntuvarnarefni og sæfiefni svo eitthvað sé nefnt.
- Þekkingaröflun innan stofnunarinnar fer fram með greiningum á nýrri löggjöf, samstarfi við norræn og evrópsk efnayfirvöld og umsjón með þátttöku í samevrópskum eftirlits og átaksverkefnum

UMHVERFISSTOFNUN

# Af hverju miðstýring?

- Gríðarlega flókinn málaflokkur þar sem ný efni bætast við markaðinn á hverju ári, kokteiláhrif, hormónaraskandi efni ofl.
- Efnastofnun Evrópu var sett á laggirnar til að tryggja samræmingu , þekkingaruppbyggingu, og að tryggja samræmingu leyfisveitinga til iðnaðarins.
- Krafa um sérþekkingu hefur aukist til muna og lönd eru í auknum mæli farin að flytja eftirlit til þeirra stofnana þar sem þekking á löggjöf er að byggjast upp (dæmi Finnland og Holland)
- Mikilvægt skref til að halda í við iðnaðinn

# Sýn Umhverfisstofnunar

UMHVERFISSTOFNUN

- Að færa eftirlit með efnum og efnablöndum meira í þá átt sem tíðkast í nágrannalöndum okkar með því að setja stærstan fókus á eftirlit fremst í aðfangakeðjuna.
- Útbúin verði eftirlitsáætlun til 3ja ára þar sem lagðar verði línur um áherslur í eftirliti, t.d. stikkprufueftirlit og rannsóknir á hættulegum efnum í ákv. vöruflokkum, markaðsleyfi varnarefna, rétt flokkun þvottaefna, merkingar á málningu eða þ.h. Til grundvallar slíkri áætlun verði gert mat á hvar mesta áhættan er, þe. hvar er mest þörf á eftirliti. Eins verði skoðaðar niðurstöður eða upplýsingar frá Heilbrigðisnefndum og öðrum stofnunum.
- Þess verði gætt að haft sé eftirlit með öllum þáttum laganna.
- Eftirlitsáætlun verði gerð með hliðsjón af þeim fjármunum og mannafla sem stofnunin hefur yfir að ráða.
- Farið verði í skyndieftirlit eftir þörfum í takt við ábendingar sem berast

UMHVERFISSTOFNUN

# Samstarf UST við HES

- Heilbrigðisnefndir munu áfram hafa það hlutverk að hafa eftirlit með merkingum og notkun efna í þeirri starfsleyfisskyldu starfsemi sem þær hafa eftirlit með.
- Áfram verður starfrækt vefgátt hjá Umhverfisstofnun þar sem heilbrigðisfulltrúar geta skilað upplýsingum um niðurstöðu eftirlits til Umhverfisstofnunar eða komið með ábendingar um brot á lögum eða reglugerðum
- Umhverfisstofnun getur falið einstaka heilbrigðisnefndum tiltekna þætti eftirlits skv. eftirlitsáætlun.

UMHVERFISSTOFNUN

# Aðrar athugasemdir

- Lúta að nokkrum minniháttar breytingum sem gera þarf á frumvarpinu, ýmist vegna ósamræmis eða rangrar framsetningar sem ekki náðist að leiðrétta við vinnslu frumvarpsins.
- Einnig er lögð til ný grein sem fjallar um hlutverk Eitrunarmiðstöðvar en það er mat Umhverfisstofnunar að hlutverk hennar sé ekki sett nægjanlega skýrt fram í frumvarpinu

# Neytendasíða Umhverfisstofnunar grænn.is

UMHVERFISSTOFNUN



# Neytendasíða Umhverfisstofnunar grænn.is

UMHVERFISSTOFNUN

